



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

***Efni: Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um húsnæðismál og fjölgun barna í hverfunum***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 27. apríl 2021 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 12. lið fundargerðar sama dag:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi húsnæði Skóla- og frístundasviðs í hverfunum með hliðsjón af breyttri íbúasamsetningu og fjölgun barna. Sömuleiðis hvort og þá hvaða áætlanir liggja fyrir um framkvæmdir við nýja starfsstaði eða starfsaðstæður fyrir SFS í hverfunum.

**Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Á fundi borgarráðs 29. október 2020 var samþykkt að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholtinu. Þá fól borgarráð skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglingastigi í samráði við nærliggjandi skóla, með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu borgarinnar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum. Starfshópurinn skilar af sér tillögum í lok maí.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs